



Árshlutauppgjör 3F 2023

Orri Hauksson og Óskar Hauksson

24. október 2023

Lykiltölur úr rekstri

	3F 2023	9M 2023		
Tekjur	6.501 m.kr. 3F 2022: 6.210 m.kr.	19.082 m.kr. 9M 2022: 18.339 m.kr.		
EBITDA	1.811 m.kr. 3F 2022: 1.790 m.kr.	4.536 m.kr. 9M 2022: 4.516 m.kr.		
EBITDA %	27,9% 3F 2022: 28,8%	23,8% 9M 2022: 24,6%		
EBIT	765 m.kr. 3F 2022: 986 m.kr.	1.445 m.kr. 9M 2022: 2.242 m.kr.		
Fjárfestingar	342 m.kr. 3F 2022: 1.953 m.kr.	2.911 m.kr. 9M 2022: 3.083 m.kr.		
Nettó skuldir / 12M EBITDA*	0,96x 4F 2022: 0,58x	1.979 m.kr. 4F 2022: 3.721 m.kr.	Eiginfjárhlutfall	Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta
			52,3% 4F 2022: 68,9%	1.579 m.kr. 3F 2022: 2.916 m.kr.

* Án 200 m.kr. niðurfellingar stjórnvaldssektar á 4F 2022.

Nettó skuldir innihalda vaxtaberandi skuldir að meðtöldum leiguskuldbindingum að frádrögnum handbæru fé og úttánum Símans Pay.



Rekstur



Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	3F			9M		
	2023	2022	%	2023	2022	%
Rekstrartekjur	6.501	6.210	4,7%	19.082	18.339	4,1%
Kostnaðarverð sölu	(4.113)	(3.681)	11,7%	(12.378)	(11.040)	12,1%
Rekstrarkostnaður	(1.623)	(1.543)	5,2%	(5.259)	(5.057)	4,0%
EBIT	765	986	-22,4%	1.445	2.242	-35,5%
Hrein fjármagnsgjöld	(126)	(84)	50,0%	(272)	(157)	73,2%
Tekjuskattur	(132)	(184)	-28,3%	(241)	(404)	-40,3%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	507	718	-29,4%	932	1.681	-44,6%
Aflögð starfsemi	0	35.628	-100,0%	0	35.916	-100,0%
Hagnaður tímabils	507	36.346	-98,6%	932	37.597	-97,5%
EBITDA	1.811	1.790	1,2%	4.536	4.516	0,4%
Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi	0,18	0,10	80,0%	0,31	0,23	34,8%

EBITDA eykst um tæp 30% frá 2F á þessu ári




- EBIT ríflega tvöfaldast frá 2F
- Hagnaður af áframhaldandi starfsemi þrefaldast frá 2F 2023

EBITDA á 3F eykst um 1,1% samanborið við 3F 2022 en EBIT lækkar um rúmlega 20%

- Rekstrarhagnaður lækkar vegna aukinna afskrifta sýningarrétta og fjárfestinga í sjónvarpsefni fyrir Sjónvarp Símans
- Afskriftir aukast um 817 m.kr. frá 3F 2022

Hagnaður af áframhaldandi starfsemi dregst saman um 211 m.kr. (29%) frá 3F 2022

- Hrein fjármagnsgjöld hækka um 42 m.kr. samanborið við 3F 2022
- Vaxtagjöld hækka um 340 m.kr.




* EBITDA og EBIT í myndum eru án 200 m.kr. niðurfellingar stjórnvaldssektar á 4F 2022.

Tekjur eftir starfspáttum



Starfspættir	3F				9M			
	2023	2022	Breyting	%	2023	2022	Breyting	%
Farsími	1.749	1.617	132	8,2%	4.854	4.499	355	7,9%
Talsími	287	318	-31	-9,7%	835	1.063	-228	-21,4%
Gagnaflutningur	2.008	1.923	85	4,4%	5.963	5.651	312	5,5%
Sjónvarpsþjónusta	1.833	1.674	159	9,5%	5.466	4.948	518	10,5%
Vörusala	383	418	-35	-8,4%	1.261	1.359	-98	-7,2%
Annað	241	260	-19	-7,3%	703	819	-116	-14,2%
Samtals	6.501	6.210	291	4,7%	19.082	18.339	743	4,1%





Grunntekjur á 9M aukast um 4,6% á milli ára

Sé horft fram hjá framlegðarlausum einskiptisliðum sem tengjast sölu á fjarskiptabúnaði til Mílu á 1F 2022 jukust tekjur Símans um 832 m.kr. (4,6%) milli tímabila

Vörusamsetning var endurskoðuð og fleiri pakkar settir í sölu í byrjun 2F á þessu ári

Um 10% fjölgun hefur verið í samsettum pökkum það sem af er ári en meðalverð af hverjum viðskiptavini hefur lækkað þar sem brottfall er úr dýrasta pakkanum en fjölgun umfram það í ódýrari pökkum

Farsímaviðskiptavinum hefur fjölgað um 3.000 það sem af er ári

- Hátt í helmingur tekjuaukningar í farsíma er vegna reikitekna

Mestur tekjuvöxtur er áfram í sjónvarpi þar sem tekjur af Premium aukast um 20% og auglýsingatekjur eru að aukast um 11% á milli ára. Á móti er samdráttur í erlendum stöðvum og Síminn Bíó

Heildarkostnaður án afskrifta eykst um 5,2% á milli ára

- Aukinn kostnaður frá fjarskiptabirgjum enda verðbólga há og umræddur kostnaður að hluta verðtryggður

Afskriftir aukast um 817 m.kr. á milli ára eða tæp 36% sem er vegna fjárfestinga í tæknibúnaði og í sjónvarpsefni og sýningarréttum sem hafa 2-3ja ára afskriftatíma

Öll fjármögnun Símans er á fljótandi vöxtum og því hækkar vaxtakostnaður umtalsvert á milli tímabila

Launakostnaður eykst um 7,7% á milli ára sem endurspeglar launaþróun á Íslandi undanfarna mánuði

- Fjöldi stöðugilda er sambærilegur á milli ára

Sölu- og markaðskostnaður aukinn á árinu, meðal annars til að byggja undir breytingar á vöruframboði



Efnahagur og sjóðstreymi




Efnahagsreikningur


Eignir	30.09.2023	31.12.2022
Rekstrarfjármunir.....	2.472	2.466
Leigugæignir.....	787	941
Óefnislegar eignir.....	21.276	22.122
Aðrar eignir.....	539	580
Fastafjármunir	25.074	26.109
Birgðir.....	1.301	1.212
Viðskiptakröfur.....	2.284	2.045
Útlán.....	2.310	1.359
Aðrar skammtímakröfur.....	1.365	1.048
Verðbréf færð á gangvirði.....	0	15.687
Handbært fé.....	1.979	3.721
Veltufjármunir	9.239	25.072
Eignir alls	34.313	51.181

Skuldir og eigið fé	30.09.2023	31.12.2022
Eigið fé.....	17.953	35.261
Eigið fé	17.953	35.261
Skuldabréfalán.....	7.466	5.956
Leiguskuldbinding.....	566	731
Viðskiptaskuldir.....	0	639
Tekjuskattskuldbinding.....	331	89
Langtímaskuldir	8.363	7.415
Skammtímalán.....	1.909	1.929
Viðskiptaskuldir.....	4.721	4.788
Næsta árs afborganir.....	269	251
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.098	1.537
Skammtímaskuldir	7.997	8.505
Skuldir og eigið fé alls	34.313	51.181


Hreinar vaxtab. sk. með leiguskuldb. og Pay útlánum




Eiginfjárhlutfall



Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA*



Arðsemi eigin fjár*



Hreinar vaxtaberandi skuldir taka tillit til útlána hjá Símanum Pay. Leiguskuldbindingar taldar með frá árinu 2019.
*Án stjórnvaldssektar árið 2020 og 2022.

Sjóðstreymi


Sjóðstreymi	3F 2023	3F 2022	9M 2023	9M 2022
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarhagnaður ársins.....	765	986	1.445	2.242
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	1.046	804	3.091	2.274
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....	11	(52)	12	(56)
	<u>1.822</u>	<u>1.738</u>	<u>4.548</u>	<u>4.460</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum.....	(243)	1.178	(405)	1.659
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.579	2.916	4.143	6.119
Nettó greiddir vextir.....	(94)	(32)	(100)	(208)
Greiddir skattar.....	(236)	(209)	(630)	(557)
Handbært fé frá rekstri	1.249	2.675	3.413	5.354
Fjárfestingahreyfingar				
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(342)	(1.953)	(2.911)	(3.083)
Útlán Símans Pay.....	(351)	(79)	(905)	(248)
Sala á verðbréfum.....	0	32.713	15.685	32.865
Fjárfestingahreyfingar	<u>(693)</u>	<u>30.681</u>	<u>11.869</u>	<u>29.534</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Greiddur arður.....	0	0	(499)	(500)
Viðskipti með eigin bréf.....	(735)	(805)	(2.187)	(2.696)
Útgreitt hlutfé.....	0	0	(15.580)	0
Afborganir leiguskuldbindingar.....	(69)	(62)	(198)	(155)
Nettó breyting á lánum.....	<u>1.500</u>	<u>0</u>	<u>1.479</u>	<u>(1.186)</u>
Fjármögnunarhreyfingar	696	(867)	(16.985)	(4.537)
Breytingar á handbæru fé.....	1.252	32.489	(1.703)	30.351
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	0	(2)	(39)	(8)
Handbært fé í upphafi árs.....	727	1.365	3.721	3.509
Handbært fé í lok tímabilsins.....	<u>1.979</u>	<u>33.852</u>	<u>1.979</u>	<u>33.852</u>

Síminn hefur kosið að auka vægi skuldsetningar í efnahagsreikningi undanfarna fjórðunga með aflíðandi hætti. Núverandi vaxtastig hægir á viðleitni til aukinnar skuldsetningar Símans, en hún er enn afar hófleg

- Ekki útilokað að frekari skref verði tekin í markaðsfjármögnun á næstu misserum

Geta til ytri vaxtar er umtalsverð enda eigið fé yfir 50% og óáðregnar lánalínur eru 5 ma.kr.



Síminn Pay - staða útlána í lok ársfjórðungs (m.kr.)





Fjárfestingar

Fjárfestingar





Um starfsemina





IceGuys slá í gegn

IceGuys hafa slegið áhorfsmet í Sjónvarpi Símans, þrisvar sinnum.

Fleiri leiknar íslenskar þáttaraðir verða frumsýndar í Sjónvarpi Símans í vetur en nokkru sinni fyrr.

Uppfært vöruframboð hefur mælst vel fyrir hjá viðskiptavinum. Aukið virði í áskriftarleiðum t.d. með inniföldum þráðlausum magnara og úræði fyrir Apple Watch og Samsung snjallúr.

Síminn var fyrsta fjarskiptafyrirtækið á Íslandi til að tengja heimili við 10 Gbit/s nettengingu.

Samstarf Símans við HSÍ vegna útsendinga HSÍ frá handboltaleikjum karla og kvenna um dreifikerfi Símans hefur gengið vel og mun halda áfram að slípast til.





Síminn styrkir konur til náms í tæknigreinum

Samfélagssjóður Símans styrkir fimm ungar konur til náms við tæknigreinar við Háskólann í Reykjavík. Verkefnið er hluti af stefnu Símans og átaki til að auka fjölbreytileika í tæknigreinum.

Endurnýjaður stuðningur við Vertonet, samtök kvenna í upplýsingatækni ásamt því að Síminn tók á mótum yfir 200 grunnskólastelpum og stálpum á Stelpur og tækni deginum.

Síminn valinn fyrirmyndarfyrirtæki hjá bæði Creditinfo og Keldunni/VB.

Samstarf var hafið við sprotafyrirtækið Empower sem þróa inngildingarlausn sem á að efla og styðja við aukinn fjölbreytileika á vinnustöðum.






Hluthafar



Hluthafar



Hluthafar 12.10.2023	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	461.194.170	16,62%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	253.771.439	9,14%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	248.377.095	8,95%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	215.422.187	7,76%
Gildi - Lífeyrissjóður	149.446.085	5,39%
Stapi lífeyrissjóður	107.451.623	3,87%
Birta lífeyrissjóður	106.467.528	3,84%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	91.830.504	3,31%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	85.893.255	3,10%
Stefnir - ÍS 5 hs.	77.731.688	2,80%
10 stærstu hluthafar	1.797.585.574	64,78%
Aðrir hluthafar	798.359.519	28,77%
Samtals útistandandi hlutir	2.595.945.093	93,55%
Eigin bréf	179.054.907	6,45%
Heildarhlutafé	2.775.000.000	100%



Arður, endurkaup og lækkun hlutafjár

- Greiddur var tæplega 500 m.kr. arður 31. mars 2023
- Sama dag var hlutafé félagsins lækkað um 1.440 m.kr. með 15,7 ma.kr. greiðslu til hluthafa
- Þann 21. mars var tilkynnt um framkvæmd endurkaupaáætlunar upp á 1 ma.kr. og lauk henni þann 17. júlí sl.
- Þann 18. júlí var tilkynnt um nýja áætlun að fjárhæð 1 ma.kr.
- Endurkaup ársins út 3F 2023 hafa numið samtals 2.187 m.kr.

Hluthafar voru 1.041 í lok 3F 2023

Hlutabréf Símans hafa lækkað um 15,9% það sem af er ári og jafnframt lækkað um 19,6% undanfarna 12 mánuði



Horfur 2023



Afkomuspá fyrir árið 2023 er óbreytt

EBITDA spá ársins er óbreytt

- Sala hefur gengið vel í byrjun hausts og viðskiptavinum fjölgar
- Viðskiptavinir Símans hafa fleiri valkosti en áður varðandi hvernig þeir nýta þjónustuna sem hefur áhrif á meðalverð af hverjum viðskiptavini
- Þrálát verðbólga hér á landi er áskorun en mun ekki hafa veruleg áhrif á rekstur félagsins út árið

Fjárfestingaspá ársins er óbreytt

- Verkfall leikara vestanhafs mun hafa lítils háttar áhrif á fjárfestingar á 4F. Áhrif líklega meiri á næsta ári
- Aukinn kraftur settur í nýsköpun sem mun einkum birtast í sjónvarpsrekstri og fjártækni hjá Símanum

EBITDA

5,9 - 6,3 ma.kr.

Fjárfestingar

3,6 – 3,9 ma.kr.*



Viðaukar

Lýsing starfspáttá

Farsími: Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.

Talsími: Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Gagnaflutningur: Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.

Sjónvarp: Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.

Vörusala búnaðar: Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Annað: Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum.

Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

